



Fundargerð

Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs - 182. fundur stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs haldinn á fjarfundi, mánudaginn 19. desember 2022, kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Auður H. Ingólfssdóttir, formaður stjórnar,
Vilhjálmur Árnason, varamaður formanns stjórnar,
Hákon Ásgeirsson, varamaður varaformanns stjórnar,
Elín Heiða Valsdóttir, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Skaftárhrepps,
Sigurjón Andrússon, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar,
Soffía Gísladóttir, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Norðurþings,
Vilhjálmur Jónsson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Múlapings,
Sævar Þór Halldórsson, aðalfulltrúi, tilnefndur af umhverfisverndarsamtökum,
Snorri Ingimarsson, aðaláheyrnarfulltrúi, tilnefndur af Samtökum útivistarfélaganna,
Ágúst Elvarsson, aðaláheyrnarfulltrúi, tilnefndur af ferðamálasamtökum á svæði Vatnajökulsþjóðgarðs,
Ingibjörg Halldórsdóttir, staðgengill framkvæmdastjóra Vatnajökulsþjóðgarðs,
Ingibjörg Smáradóttir, verkefnastjóri skjalamála og skrifstofuþjónustu.

Gestir:

Ragnheiður Björgvinsdóttir, sviðsstjóri mannauðs- og fræðslumála.

Fjarverandi / boðuð forföll / í leyfi:

Anna Dóra Sæþórsdóttir, varaformaður stjórnar.

1. Svæðisráð norðursvæðis - 95 - 2212007F

Formaður svæðisráðs norðursvæðis fór yfir fundargerð norðursvæðis.

2. Svæðisráð vestursvæðis - 106 - 2212005F

Formaður svæðisráðs vestursvæðis fór yfir fundargerð vestursvæðis.

3. Svæðisráð austursvæðis - 116 - 2212003F

Formaður svæðisráðs austursvæðis fór yfir fundargerð austursvæðis.

4. Svæðisráð suðursvæðis - 113 - 2212004F

Formaður svæðisráðs suðursvæðis fór yfir fundargerð suðursvæðis.

5. Rekstraráætlun - 2023 - 2208071

Lögð fram tillaga að rekstraráætlun 2023 til samþykktar.

Gestir

Ragnheiður Björgvinsdóttir, sviðsstjóri mannauðs- og fræðslumála - 13:00

Fyrir fundinum lá tillaga að rekstraráætlun fyrir rekstrarárið 2023 ásamt skýringum og fylgigögnum.

Framkvæmdarstjóri kynnti stöðu mála.

Fjármálastjóri og framkvæmdastjóri kynntu á fundi stjórnar 12. desember sl. vinnu sem fram hefur farið við gerð rekstraráætlunar 2023 en hún byggist á góðu samstarfi stjórnenda Þjóðgarðsins og var auk þess byggð á nýju verklagi sem fólst m.a. í því að stjórnendur unnu verkefnið beint í áætlunarkerfi ríkisins Akra. Tillaga að rekstraráætlun hvað varðar einstök rekstrarsvæði hefur verið kynnt og staðfest af svæðisráðum Þjóðgarðsins.

Tillaga varðandi lykiltölur í rekstraráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs á árinu 2023 er eftirfarandi í Mkr.:

Gjöld:

Laun og launatengd gjöld	786,6
Önnur gjöld	324,4
Afskriftir	106,8
Alls	1.217,8

Tekjur:

Framlag úr ríkissjóði	811,5
Sértekjur	299,9
Afskriftir	106,8
Alls	1.218,2

Afkoma:

Afkoma ársins	0,4
---------------	-----

Fjárfestingar:

Framlag úr ríkissjóði	408,3
-----------------------	-------

Framangreind tillaga að rekstraráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs vegna ársins 2023 gerir ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu á almennum rekstri upp á um 0,4 Mkr. og að höfuðstóll ársins verði jákvæður um þá upphæð.

Gert er ráð fyrir því að fjárfestingar fjármagnaðar frá Innviðasjóði verði samtals á árinu 2023 verði um 400 Mkr. og að auki eru innsendar umsóknir í Innviðasjóð að upphæð 561 Mkr.

Áætlað er að eftir sé að framkvæma á árinu 2023 í Gestastofu við Kirkjubæjarklaustur 400 Mkr.

Stjórn samþykkir framangreinda tillögu að rekstraráætlun fyrir Vatnajökulsþjóðgarð vegna ársins 2023.

Framkvæmdastjóra og fjármálastjóra er falið að skila áætluninni til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins með bréfi og greinargerð.

Stjórn vill koma á framfæri þökkum fyrir góða vinnu stjórnenda Vatnajökulsþjóðgarðs við gerð rekstraráætlunar vegna ársins 2023.

Samþykkt samhljóða.

6. Skýrsla framkvæmdastjóra - 2206035

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu mál frá síðasta stjórnarfundi.

Fundargerð ritaði: Ingibjörg Smáradóttir, fundarritari.

Fundi slitið kl. 15:00.